




Mesta verðhækkunin á íslenska hlutabréfamarkaðnum

Mikið líf hefur verið á íslenskum hlutabréfamarkaði á síðustu misserum. Verðhækkanir hafa verið miklar og viðskipti aukist mikið. Í lok ágúst nam 12 mánaða verðhækkun á hlutabréfamarkaðnum hér á landi 65,4%. Það er mesta hækkunin yfir heiminn á þessu tímabili sé litið til helstu hlutabréfamarkaða. Mikill áhugi hefur verið á þeim útboðum sem farið hafa fram frá því í fyrra en þessi þróun hófst með útboði Icelandair. Síðan hafa 4 félög verið skráð á markað: Íslandsbanki, Play, Síldarvinnslan og Solid Clouds.

Miklar hækkunir á markaðnum hér á landi á síðustu 12 mánuðum skera sig nokkuð frá hækkunum annarra markaða. Þannig var næstmesta hækkunin í Svíþjóð 41,7% og var hækkunin hér á landi því 23,7 prósentustigum meiri. Þriðja mesta hækkunin var í Þýskalandi, 37,7%, en hækkunir á hinum Norðurlöndunum lágu á bilinu 30,4-35,9%. Markaðurinn í Bandaríkjunum hefur hækkað um 29,2% og um 24,6% í Kanada. Markaðurinn í Bretlandi hefur hækkað um 23% en Asíuríkin Japan og Kína reka lestina. Hækkunin í Japan á þó meira skylt með hækkun annarra markaða, en hún var 21,2%. Kína sker sig verulega frá en þar hefur hækkunin einungis verið 4,4%.

12 mánaða ávöxtun
hlutabréfamarkaða



Miklar hækkunir milli október og febrúar

Sé litið til síðustu 12 mánaða kom mjög stór hluti af verðhækkunin hér á landi fram á milli október- og febrúarmánaða í kringum síðustu áramót en þá hækkaði markaðurinn um rúmlega 40%. Þetta var einnig tímabil mikilla hækkana á öðrum hlutabréfamörkuðum en það urðu sérstaklega miklar hækkunir í nóvember víða um heim. Við fyrstu sýn kann mikil hækkun hér á landi að skýrast af grunnáhrifum, þ.e. vegna mikillar lækkunar á hlutabréfum þegar faraldurinn hófst. Í því samhengi er hægt að benda á að verðið hér á landi var í lok ágúst 78% hærra en meðalverðið árið 2019, síðasta heila árið áður en faraldurinn skall á.

12 mánaða ávöxtun hlutabréfa



Íslandsbanki og Síldarvinnslan eru ekki komin með 12 mánaða sögu á markaðnum. Miðað við dagslokagengi gærdagsins




Nokkur félög tvöfaldast í verði og eitt þrefaldast

Flest hlutabréf á innlenda markaðnum hafa hækkað mikið á síðustu 12 mánuðum. Mesta hækkunin hefur verið hjá Eimskipafélaginu en það hefur rúmlega þrefaldast í virði frá því um miðjan september í fyrra. Þar á eftir koma tveir bankar, Kvika banki og Arion banki, en hækkun þeirra hefur verið á bilinu 121-126%. Önnur félög sem hafa meira en tvöfaldast í virði eru Origo og Iceland Seafood. Tryggingarfélögin tvö, Sjóvá-Almennar og VÍS, hafa hækkað á bilinu 72-85%. Tryggingamiðstöðin, sem hafði verið lengi skráð á hlutabréfamarkaði, sameinaðist Kviku síðastliðið vor. Fasteignafélögin Eik, Reginn og Reitir hafa hækkað á bilinu 59-76%. Stærsta félagið í Kauphöllinni, Marel, hefur hækkað um þriðjung en tvö félög til viðbótar hafa hækkað í kringum þriðjung. Þetta eru Sýn og Brim. Hagar hafa hækkað um 29% en lestina rekur Icelandair Group með 16% hækkun á þessu tímabili.

Virknin á markaðnum aukist mikið síðustu misseri

Virgni á íslenska hlutabréfamarkaðnum hefur aukist nær samfelld frá hruni en mæla má virknina í fjölda viðskipta. Árið 2011 var fjöldi viðskipta tæplega 2 þúsund en fjöldinn var kominn upp í rúmlega 56 þúsund í fyrra. Milli árána 2019 og 2020 jókst fjöldinn um rúmlega 21 þúsund, eða 61%. Í ágúst síðastliðnum var fjöldi viðskipta frá áramótum þegar orðinn meiri en allt árið í fyrra. Á fyrstu átta mánuðum þessa árs var fjöldi viðskipta kominn upp í tæplega 61 þúsund. Þessa auknu virkni má rekja að tölverðu leyti til aukinnar þátttöku almennings. Fjöldi almennra hluthafa á markaðnum jókst mikið í sambandi við útboð Icelandair í september á síðasta ári. Einnig var mikil umframeftirspurn í útboði Íslandsbanka og Play sem bendir til áframhaldandi áhuga almennings. Aukinn áhuga má eflaust rekja til ýmissa þátta, s.s. hefur almenningur mögulega haft meira fé milli handanna vegna færri utanlandsferða og aukinna takmarkana á neyslu vegna faraldursins. Þessu til viðbótar hækkaði frítekjumark fjármagnstekna úr 150 þúsund í 300 þúsund um síðustu áramót. Auk þess hefur lægra vaxtastig ýtt sparifjáreigendum út á hlutabréfamarkað í leit að hærri ávöxtun.

Uppsafnaður fjöldi viðskipta frá áramótum



Heimild: Macrobond



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.